

# Fundargerð

Fyrsti fundur samstarfshóps um endurskoðun stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir náttúruvættið Dynjanda; fjárfundur haldinn á Teams 22. september 2023 kl. 10:00

Viðstödd voru: Ása M. Einarsdóttir f.h. FSRE/landeiganda, Guðmundur Rafn Kristjánsson f.h. Ísafjarðarbæjar, Inga Sóley Kristjónudóttir f.h. Minjastofnunar, Edda Kristín Eiríksdóttir og Sigrún Valgarðsdóttir f.h. Umhverfisstofnunar.

## Fundargerð:

- Tilgangur endurskoðunar stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Dynjanda*  
Farið var yfir helstu hvata þess að endurskoðun stjórnunar- og verndaráætlunar var sett í forgang hjá Umhverfisstofnun.
- Stjórnunar- og verndaráætlanir*  
Farið var yfir markmið og uppbyggingu stjórnunar- og verndaráætlana ásamt mikilvægi samstarfs og samráðs.
- Verk- og tímaáætlun*  
Drög að verk- og tímaáætlun voru kynnt. Áætlunin er vinnuskjal samstarfshóps.
- Samráðsáætlun*  
Drög að samráðsáætlun og listi yfir mögulega samráðs- og hagsmunaaðila voru kynnt.
- Önnur mál*  
Farið var yfir helstu minjar sem hafa verið skráðar innan hins friðaða svæðis og myndir skoðaðar, m.a. af nýlegum fundi landnámskála við Svíná.

## Næstu skref:

- Sigrún sendir á samstarfshópinn:
  - Fundargerð
  - PP kynningu (glærur)
  - Drög að verk- og tímaáætlun
  - Drög að samráðs- og hagsmunaaðilagreiningu

Fulltrúar í samstarfshópi senda athugasemdir ef einhverjar eru.

- Samráðs- og hagsmunaaðilar – listi útbúinn með netföngum
- Umhverfisstofnun setur vefsíðu á heimasíðu sinni í loftið þar sem framvindu verkefnisins verður miðlað.
- Samráðsaðilum sendur tölvupóstur um að vinna við endurskoðun áætlunarinnar sé hafin
- Fulltrúar Umhverfisstofnunar hefja vinnu við kafla 1 og 2 í stjórnunar og verndaráætlun.

Næsti fundur samstarfshópsins er áætlaður í byrjun nóvember n.k.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:05